

# Sunnulækjarskóli



## Sjálfsmatsskýrsla

2020 - 2021

Unnur Ingadóttir

# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

---

## **Efnisyfirlit:**

Efnisyfirlit:.....	2
1. Inngangur.....	4
2. Lýsing á Sunnulækjarskóla.....	5
3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla.....	8
3.1 Ytri rammi og innri viðmið.....	8
3.2 Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla.....	8
3.3 Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla.....	9
3.4 Matsspurningar.....	10
4. Niðurstöður.....	11
4.1. Stefna og stjórnun.....	11
Stjórnun.....	11
Stefna og stjórnun – samantekt.....	12
4.2. Nám og kennsla.....	13
Kennsla og kennsluhættir.....	13
Námsmat.....	16
Heimanám.....	20
Aðstaða nemenda og námsumhverfi.....	21
Námsárangur – samræmd próf.....	22
4.3. Líðan nemenda.....	27
Einelti.....	31
Heilsa nemenda.....	34
Skóla- og bekkjarandi.....	35
Agi.....	38
Virk þátttaka nemenda í tímum.....	39
Líðan nemenda – samantekt.....	40
4.4. Starfsánægja starfsmanna.....	41
Aðgengi sérfræðiþjónustu.....	41
Ábyrgð og áskoranir í starfi.....	42
Samvinna og teymisvinna.....	43
Starfsaðstæður.....	44
Starfsþróun.....	46
Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar.....	48

# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

---

4.5. Samvinna heimila og skóla .....	54
Upplýsingagjöf .....	54
Samvinna og samskipti við starfsmenn .....	55
Virgni og áhrif foreldra á skólastarfið .....	56
Heimastuðningur .....	58
Þjónusta við nemendur og foreldra .....	60
Samvinna heimila og skóla – samantekt .....	62
4.6. Listi yfir helstu niðurstöður .....	63
Mesti munur úr viðhorfakönnunum Skólapúlsins .....	63
Forgangsverkefni fyrir skólaárið 2021 – 2022 .....	65
5. Umræða .....	66
6. Lokaorð .....	68
Fylgirit - Umbótaáætlun 2020 – 2021 .....	69

## 1. Inngangur

Þessi skýrsla er greinargerð um skólastarf í Sunnulækjarskóla og með hvaða hætti skólastarfið er metið, hverjar niðurstöður matsins eru, hvernig áætlanir eru gerðar um eflingu skólastarfsins, bæði viðhald sterkra þátta og leiðum til úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er fjallað um einkenni Sunnulækjarskóla, stefnu hans og markmið. Þá er sjálfsmatsaðferðum skólans lýst, á hvaða upplýsingum sjálfsmatið byggist og hvaðan þær upplýsingar koma. Því næst er gerð grein fyrir þeim matsspurningum sem liggja til grundvallar matinu en þær spurningar byggjast á stefnu skólans og þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Þá er fjallað um niðurstöður sjálfsmatsins í hverjum áhersluþætti fyrir sig. Að lokum er lagt mat á niðurstöðurnar; helstu styrkleika skólastarfsins, áberandi breytingar á milli skólaára, helstu veikleika eða sóknarfæri og hvaða þróunarverkefni skólinn ætti að hafa í forgangi á næsta skólaári/skólaárum til að ná sem bestum árangri á öllum sviðum.

Sjálfsmatsskýrsla þessi gerir í flestum tilvikum aðeins grein fyrir skólastarfi Sunnulækjarskóla síðastliðin þrjú skólaár. Eldri upplýsingar um skólastarfið er að finna í fyrri sjálfsmatsskýrslum sem eru aðgengilegar á vef Sunnulækjarskóla <http://www.sunnulaekjarskoli.is/>.

## 2. Lýsing á Sunnulækjarskóla

Sunnulækjarskóli tók til starfa haustið 2004. Við hönnun skólans var farin sérstök leið sem byggist á samráði margra og þátttöku fulltrúa allra aðila skólasamfélagsins. Áhersla var lögð á að horfa fram á veg og ígrunda hvaða þörfum grunnskóli í nútímasamfélagi beri að sinna.

Með þetta í huga var hannaður skóli þar sem kennsla fer fram á opnum svæðum og svigrúm er gefið til samvinnu, samstarfs og fjölbreyttra kennsluhátta. Skólastarfið byggist á þremur grunnstoðum, einstaklingsmiðuðu námi, teymisvinnu starfsmanna og opnum kennslurýmum sem skapa umgjörð skólastarfsins.

Í byrjun voru 130 nemendur í fjórum árgöngum við skólann. Á hverju ári bættist einn árgangur við skólann sem óx hratt. Haustið 2010 var Sunnulækjarskóli orðinn fullvaxinn 10 árganga grunnskóli. Með auknum íbúafjölda á upptökusvæði skólans hefur skólinn haldið áfram að vaxa og skólaárið 2020 – 2021 voru 738 nemendur við skólann. Búast má við um 680 nemendum næsta skólaár þar sem ný skóli Stekkjarskóli tekur til starfa í haust 2021 og byrjar með 1. – 4. bekk.

Við mótun skólastarfsins er leitast við að hafa sem mest samráð við nemendur, foreldra og starfsfólk. Innleiðing Uppbyggingarstefnunnar er ein af þeim leiðum sem valin hefur verið til að skapa jákvætt og þroskandi skólaumhverfi. Grunnur hennar er góður skilningur á samskiptum og mikilvægi þeirra í farsælu skólastarfi. Þannig er áherslan á þarfir einstaklingsins og mikilvægi þess að æfa sig í góðum samskiptum höfð í fyrirrúmi. Þá hefur teymisvinna starfsmanna verið lykilþáttur í skólastarfinu og verið skólanum mikil lyftistöng við mótun starfshátta.

Sunnulækjarskóli hefur gefið út sjálfsmatsskýrslu á hverju ári frá 2009 og eru þær aðgengilegar á vefsvæði skólans. Sjálfsmatsskýrslurnar byggja á umfangsmikilli gagnasöfnun, bæði niðurstöðum námsmats, viðhorfakannana meðal foreldra og starfsmanna og auk þess eru gerðar nemendakannanir fimm sinnum á ári þar sem spurt er um líðan, einelti, áhuga, áræði, samvinnu við kennara o.fl.

Veturinn 2018 – 2019 var Sunnulækjarskóla skipt í yngri-, mið- og unglíngadeild sem hverri um sig er stýrt af deildarstjóra.

Setrið, sem er sérdeild Suðurlands, er hluti af Sunnulækjarskóla og er stýrt af deildarstjóra sérdeildar. Við skólann starfar deildarstjóri stoðþjónustu sem sér um skipulag stuðnings við nemendur sem á þurfa að halda. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fara með yfirstjórn.

Frístundaheimilið Hólar er rekið við skólann og er því stýrt af forstöðumanni þess.

Ýmsar frekari upplýsingar má finna á vefsvæði skólans.  
Veffangið er: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>.

## Stefna og markmið

Stefna skólans birtist meðal annars í Grundvelli Sunnulækjarskóla sem er ætlað það hlutverk að skilgreina megin uppbyggingu stjórnskipulags skólans og daglega ákvarðanatöku í starfsemi hans.

## Grundvöllur Sunnulækjarskóla

### *Leiðarljós starfsmanna Sunnulækjarskóla er:*

- að hver nemandi skólans þroskist og dafni í námi og starfi á eigin forsendum
- að hver nemandi skólans njóti virðingar og væntumþykju
- að hver nemandi skólans öðlist sterka sjálfsmynd og áræði sem gefi honum þrek og þor og stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- að þroska með hverjum nemanda trausta siðferðiskennd sem gerir hann að hæfum og farsælum þjóðfélagsþegn
- að skapa skólasamfélag sem einkennist af samvinnu og gagnkvæmu trausti þeirra sem það mynda

### *Skólastefna*

Í Sunnulækjarskóla stunda nemendur einstaklingsmiðað nám. Í því felst að nám hvers nemanda er aðlagð að hæfileikum hans og getu frekar en að nemendur séu flokkaðir í hópa með fyrirfram skilgreinda eiginleika.

### *Skólabragur*

Allir kennarar sjá um að vinna markvisst með og kynna Uppeldi til ábyrgðar í sínum nemendahóp. Allir umsjónarhópar gera bekkjarsáttmála. Á þemadögum í október 2009 gerðu allir bekkir sinn **sáttmála** um samskipti sem var grunnurinn að skólasáttmála sem unnin var. Til að skapa öryggi og traust í skólasamfélaginu verðum við að hafa **skýr mörk** sem styðja við sáttmála skólans. Lærdómssamfélagið í **Sunnulækjarskóla** einkennist af **gleði, vináttu og frelsi**.

### *Kennarateymi*

Allir kennarar skólans vinna saman í teyllum. Umsjónarkennarar innan árgangs eða samliggjandi árganga mynda kennarateymi. Kennarateymið framkvæmir og stjórnar daglegu skólastarfi tiltekinna árganga.

### *Hlutverk umsjónarkennara*

Kennarar í kennarateyllum skipta umsjón með nemendum milli sín og eru þeir því umsjónakennarar tiltekinna nemanda með þeim skyldum sem því fylgir. Engu að síður er kennurum teymisins heimilt að skipta kennslu einstakra greina, námsþátta eða verkefna milli sín með þeim hætti sem best hentar á hverjum tíma, enda sé gætt jafnræðis og að vinnuálag skiptist með réttlátum hætti.

### *Hlutverk deildarstjóra*

Meginhlutverk deildarstjóra er að stuðla að betri námsreynslu nemenda, skipuleggja og stýra skólastarfi og veita starfsfólki faglegan stuðning. Deildarstjórar eru millistjórnendur sem tilheyra stjórnunarteymi skólans.

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

---

Það er stefna skólans að vinna nemenda sé með þeim hætti að framangreindum markmiðum leiðarljóssins verði náð samhliða því að unnið sé að markmiðum aðalnámskrár grunnskólans. Stjórnendur skólans trúa því að þetta verði best gert með því að skólastarfið sé sett upp með þeim hætti sem fram kemur í grundvelli skólans. Þannig munu fjölbreyttir kennsluhættir og áhersla á að koma til móts við þarfir allra nemenda gera skólanum kleift að þroska framangreinda þætti um leið og unnið er að öðrum markmiðum aðalnámskrár.

## 3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggir á tveimur meginþáttum, annars vegar á þeim lögum og reglugerðum sem grunnskólum landsins er ætlað að starfa eftir og mætti kalla ytri ramma og hins vegar á eigin stefnu og markmiðum í skólastarfinu eða innri viðmið.

### 3.1 Ytri rammi og innri viðmið

Í gildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 35. og 36. grein er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt 35. grein er markmið þess að:

1. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 36. grein er kveðið á um skyldur grunnskóla um að meta eigið starf en þar segir:

*Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.*

*Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (Menntamálaráðuneyti 2011, bls. 29-30) er kveðið nánar á um fyrirkomulag og viðmið innra mats (sjálfsmats) grunnskóla. Þar segir m.a.:

- Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar.
- Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á.
- Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara.
- Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar.
- Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur.

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggist á ofangreindum ákvæðum.

Innri viðmið í sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru fyrst og fremst skólastefna skólans, grundvöllur hans og leiðarljós (sjá hér að framan) ásamt mati á árangri þeirra þróunarverkefna og markmiða sem skólinn hefur sett sér á hverjum tíma.

### 3.2 Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla

Á fyrsta starfsári Sunnulækjarskóla, eða í byrjun árs 2005 lagði Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands ásamt starfshópi innan skólans, mat á hvernig skólanum gengi að hrinda í framkvæmd stefnumálum sínum um sveigjanlega kennsluhætti og



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

einstaklingsmiðað nám. Niðurstöður vinnuhópsins voru birtar í skýrslunni „*Hér eru allir að hjálpa öllum*“. (Ingvar Sigurgeirsson og fl. 2005).

Næstu tvö ár var framkvæmd innra mats í Sunnulækjarskóla aðallega í höndum stjórnenda skólans sem höfðu frumkvæði að ýmsum viðhorfakönnunum ásamt því að halda til haga ýmsum þeim gögnum sem snerta mat á skólastarfinu.

Á haustmánuðum 2007 var stofnaður stýrihópur í Sunnulækjarskóla til að vinna að innra mati á starfi skólans, samkvæmt grunnskólalögum. Stýrihópurinn skoðaði mismunandi leiðir sem hægt væri að fara við innra mat á skólastarfi og velja þá sem hópnun fannst vera best til þess fallin að gefa sem gleggsta mynd af stöðu skólans og sem einnig leiddi til markvissrar umbótaáætlunar. Niðurstaðan var sú að hefjast handa við greiningu á styrkleikum og veikleikum í skólastarfinu eða því sem fólki fyndist vera vel gert og því sem mætti betur fara eða sóknarfæri. Frá haustinu 2008 stýrði Guðbjörg Halldórsdóttir, kennari við Sunnulækjarskóla sjálfsmatinu en haustið 2017 tók Unnur Ingadóttir, sérkennari við Sunnulækjarskóla við því starfi.

Tvær ytri úttektir hafa verið gerðar á starfsemi Sunnulækjarskóla. Skólaárið 2010 – 2011 og skólaárið 2019 - 2020. Þær skýrslur eru aðgengilegar á vef Sunnulækjarskóla. Vorið 2020 var samin umbótaáætlun með hliðsjón af úttektinni skólaárið 2019-2020 sem marka skyldi umbóatvinnu skólaársins 2020 – 2021. Vegna heimsfaraldurs Covid-19 tókst ekki að hrinda öllum þeim áformum í framkvæmd og því er sú umbótaáætlun einnig lögð til grundvallar umbótavinnu skólaársins 2021 – 2022. Umbaáætlunin fylgir þessari skýrslu í fylgiriti.

## 3.3 Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla

Við innra mat á skólastarfinu hafa ýmis gögn verið lögð til grundvallar, m.a. kannanir frá aðilum utan skólans, kannanir sem skólinn sjálfur hefur forgöngu um að gera, styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna skólans ásamt mati á árangri nemenda, t.d. í samræmdum prófum. Skýrsla um sjálfsmat skólans og niðurstöður þess ásamt þróunaráætlun er samin árlega og kynnt fyrir starfsmönnum skólans, skólanefnd og foreldrum. Skýrslurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Þær ytri og innri kannanir sem nú liggja til grundvallar sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru þessar:

### Ytri kannanir

- 2018 – 2021 Nemendakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk – Skólapúlsinn.
- 2017 – 2021 Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn.
- 2016 – 2020 Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn.

### Próf og mat á árangri nemenda

Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk 2020.

Fyrirlögn samræmdra könnunarprófa í 9. bekk gekk ekki sem skildi og voru niðurstöður þeirra ekki kynntar.

### Innri viðmið

Áætlun um umbætur í Sunnulækjarskóla unnin framhaldi af úttekt MMS vorið 2020

## Verkætlan og tímasetningar

Allur veturinn	Viðhorfakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk - Skólapúlsinn
September	Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk
Mars	Samræmd könnunarpróf í 9. bekk.
Mars, annað hvert ár	Viðhorfakönnun meðal foreldra – Skólapúlsinn
Apríl, annað hvert ár	Viðhorfakönnun meðal starfsmanna – Skólapúlsinn
Apríl - júní	Skýrsla samin

## 3.4 Matsspurningar

Á grunni laga, reglugerða og viðmiða menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat skóla auk skólastefnu Sunnulækjarskóla, grundvelli hans og leiðarljósi, eru eftirfarandi fimm matsspurningar lagðar til grundvallar við mat á þeim gögnum sem fyrir liggja og nánar verður getið um í næstu köflum. Spurningarnar eru þessar:

- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
- Eru kennsluaðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?
- Líður nemendum vel í skólanum?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?
- Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?

## 4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður sjálfsmats Sunnulækjarskóla en þær byggjast á þeim gögnum sem að framan er getið. Kaflanum er skipt niður í samræmi við þær fimm matsspurningar sem lagðar eru til grundvallar. Í lok hvers undirkafla eru niðurstöður dregnar saman.


### 4.1. Stefna og stjórnun

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorið 2021.
- Viðhorfakannanir meðal foreldra frá 2016 til 2020.


#### Stjórnun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2021 kemur fram að starfsmenn skólans eru marktækt óánægðari með; stuðning frá næsta yfirmanni, valdeflandi forystu og ræktun mannaúðs en samanburðarhópurinn. Einnig eru starfsmenn óánægðari með; sanngjörn forysta en á landinu.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins mælist ánægja foreldra með stjórnun skólans minni en ánægja foreldra á landinu öllu.



## Stefna og stjórnun – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
<b>Stjórnun</b>		
		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stuðningur frá næsta yfirmanni*</li> <li>• Sanngjörn forysta</li> <li>• Valdeflandi forysta*</li> <li>• Ræktun mannaúðs*</li> <li>• Ánægja foreldra með stjórnun skólans</li> </ul>

\*Marktækur munur

#Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


## 4.2. Nám og kennsla

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, árin 2016 – 2020.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2018 – 2021.
- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2017 – 2021.
- Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk, árin 2020 – 2021.


### Kennsla og kennsluhættir

Nokkrar spurningar í starfsmannakönnun Skólapúlsins snúa að kennsluháttum. Niðurstöður svaranna sýna að öllum bekknum er sjaldnar kennt í einu í Sunnulækjarskóla en almennt gerist. Hóþavinna er meiri í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu. Einstaklingsvinna í bekk þar sem nemendur vinna sjálfstætt er minna en gerist á landinu. Einstaklingsmiðuð kennsla er algengari í Sunnulækjarskóla en að meðaltali á landinu.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Ánægja foreldra í skólanum með nám og kennslu er sú sama og ánægja foreldra á landinu að meðaltali.




Foreldrar í Sunnulækjarskóla eru ánægðari með þyngd námsefnisins en almennt gerist.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Mæling á ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemendanna mælist aðeins minni í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu.



## Námsmat

Áhersla kennara í Sunnulækjarskóla á námsmat með hefðbundnum prófum er aðeins minni en kennara í öðrum skólum að eigin mati. Hins vegar er áhersla þeirra aðeins meiri á námsmat með öðrum hætti en hefðbundnum prófum, t.d. jafningjamati, sjálfsmati nemenda eða mati frá foreldrum.







## Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu

Skólapúlsinn mælir virkni nemenda í skólanum og viðhorf þeirra til ýmissa þátta námsins.


Ánægja af lestri mælist minni í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu.




Þrautseigja í námi mælist marktækt minni en á landsvísu.



Áhugi á stærðfræði mælist aðeins minni í skólanum en á landinu öllu að meðaltali.




Ánægja af náttúrufræði mælist aðeins minni í skólanum en á landinu öllu að meðaltali.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi er aðeins minni en á landinu öllu að meðaltali og telst munurinn ekki marktækur.



Trú nemenda á eigin námsgetu mælist marktækt minni en almennt gerist á landinu.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

## Virgni nemenda í skólanum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2020 – 2021 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir m.a. að ánægja af lestri, áhugi á stærðfræði og þrautseigja í námi er marktækt minni en á landinu öllu að meðaltali.


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítil.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Ánægja af lestri	0,2*	-0,3	-0,2	0,1	0,1	-0,7	-0,5	-0,3
Þrautseigja í námi	0,3*	-0,3	-0,3	-0,8		-0,1	-0,1	-0,2
Áhugi á stærðfræði	-0,1	-0,2		0,1	0,1	-0,2	-0,4	-0,5
Ánægja af náttúrufræði	-0,1			0,1	-0,5	-0,3	0,3	0,2
Trú á eigin vinnubrögð í námi	-0,1	-0,1	-0,1	-0,4	0,3		-0,2	-0,2
Trú á eigin námsgetu	0,2*		-0,4	-0,3	-0,2	-0,2	-0,1	-0,2

\*Marktækur munur


## Heimanám

Hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla sem finnst heimavinna barnsins hæfileg er þónokkuð lægra en hlutfall foreldra almennt á landinu.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Sá tími sem kennarar Sunnulækjarskóla ætlast til að nemendur verji í heimavinnu á viku er marktækt lægri en almennt gerist á landinu.



## Aðstaða nemenda og námsumhverfi

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er marktækt minni en ánægja foreldra á landinu að meðaltali. Með aðstöðu er átt við frímínútur, matartíma, tómsundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list- og verkgreinar, íþróttaaðstöðu og ástand húsnæðis.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021


## Námsárangur – samræmd próf

Námsárangur nemenda í Sunnulækjarskóla í samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk og landinu í heild sinni. Þau eru birt sem normaldreifð, frá 0 – 60 stigum með meðaltal 30, fyrir skólaárið 2020 - 2021. Hér eru þau sýnd í eftirfarandi töflum:

Útkoma í stærðfræði í 4. bekk er svolítið lægri en meðaltal landsins.




Útkoma í íslensku í 4. bekk er aðeins lægri en meðaltal landsins.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021


Útkoma í íslensku og stærðfræði í 4. bekk Sunnulækjarskóla í samanburði við landið og Sveitarfélagið Árborg.




Útkoma í stærðfræði í 7. bekk er aðeins lægri en meðaltal landsins.



Útkoma í íslensku í 7. bekk er svipuð og gerist á landinu.



Útkoma í íslensku og stærðfræði í 7. bekk Sunnulækjarskóla í samanburði við landið og Sveitarfélagið Árborg.





# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

## Nám og kennsla – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
<b>Kennsla og kennsluhættir</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>Öllum bekknum sjaldan kennt í einu*</li> <li>Einstaklingsvinna í bekk*</li> <li>Hópvinna í bekk*</li> <li>Einstaklingsmiðuð kennsla*</li> <li>Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum*</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja foreldra með þyngd námsefnis</li> <li>Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda</li> </ul>	
<b>Stoðkerfi</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja foreldra með sérkennslu</li> <li>Tíðni sérkennslu</li> <li>Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun</li> <li>Hlutfall foreldra í samstarfi um gerð einstaklingsáætlunar</li> <li>Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu</li> <li>Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu</li> </ul>	
<b>Námsmat</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf að mati foreldra*</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hæfileg áhersla á hefðbundið námsmat með prófum að mati foreldra</li> </ul>	
<b>Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu</b>		
<p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja af lestri í 6. og 7. bekk</li> <li>Áhugi á stærðfræði í 6. og 7. bekk</li> <li>Ánægja af náttúrufræði í 6., 9. og 10. bekk</li> <li>Trú á eigin vinnubrögð í námi í 7. bekk</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áhugi á stærðfræði</li> <li>Ánægja af náttúrufræði</li> <li>Trú á eigin vinnubrögð í námi</li> </ul> <p>Hópar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Þrautseigja í námi í 7. og 8. bekk</li> <li>Áhugi stelpna á stærðfræði</li> <li>Ánægja stráka og stelpna af náttúrufræði</li> <li>Trú heildar á eigin vinnubrögð í námi</li> <li>Trú stráka og stelpna á eigin vinnubrögð í námi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja af lestri*</li> <li>Þrautseigja í námi*</li> <li>Trú á eigin námsgetu*</li> </ul> <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja heildar af lestri*</li> <li>Ánægja stráka af lestri</li> <li>Ánægja af lestri í 8., 9 og 10. bekk</li> <li>Þrautseigja stelpna og stráka í námi</li> <li>Þrautseigja í námi í 6., 9. og 10 bekk</li> <li>Áhugi drengja á stærðfræði</li> <li>Áhugi á stærðfræði í 8., 9. og 10. bekk</li> <li></li> </ul>

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Trú á eigin vinnubrögð í námi í 8. bekk</li> <li>• Trú drengja á eigin námsgetu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ánægja af náttúrufræði í 7. og 8. bekk</li> <li>• Trú á eigin vinnubrögð í námi í 6., 9. og 10. bekk</li> <li>• Trú heildar á eigin námsgetu*</li> <li>• Trú á eigin námsgetu í 6., 7., 8. og 10. bekk</li> </ul>
<b>Heimanám</b>		
		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku*</li> </ul>
<b>Aðstaða nemenda og námsumhverfi</b>		
<b>Námsárangur</b>		
<u>Miðað við landið</u>  <u>Miðað við Sveitarfélagið Árborg</u>	<u>Miðað við landið</u> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Íslenska í 7. bekk</li> </ul> <u>Miðað við Sveitarfélagið Árborg</u> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Íslenska 4. bekk</li> <li>• Stærðfræði 7. bekk</li> </ul>	<u>Miðað við landið</u> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Íslenska í 4. bekk</li> <li>• Stærðfræði í 4. bekk</li> <li>• Stærðfræði í 7. bekk</li> </ul> <u>Miðað við Sveitarfélagið Árborg</u> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stærðfræði 4. bekk</li> <li>• Íslenska 7. bekk</li> </ul>

\* Marktækur munur      #Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


## 4.3. Líðan nemenda

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2014 - 2018.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2018– 2021.


### Líðan nemenda í skólanum

Líðan nemenda í skólanum hefur farið minnkandi að mati foreldra og er orðin minni en á landinu að meðaltali.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Líðan nemenda í kennslustundum hefur versnað að mati foreldra og er marktækt verri en gerist annars staðar á landinu.




Líðan nemenda í frímínútum er svipuð að mati foreldra og gerist annars staðar á landinu.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Í Skólapúlsinum er spurt um ýmsa þætti sem snerta líðan og heilsu nemenda eins og sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði.

Svör nemenda í Skólapúlsinum sýna að sjálfsálit mælist það sama og hjá samanburðarhópnum en hefur lækkað frá árinu á undan.




Trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi er einnig svipuð og trú nemenda á landsvísu.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Vellíðan mælist svipuð meðal nemenda í Sunnulækjarskóla og meðal nemenda á landsvísu.



## Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2020 – 2021 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir að sjálfsálit nemenda í 6., 7. og 9. bekk er meira en á landinu öllu að meðaltali. Einnig mælist vellíða nemenda í 6. og 9. bekk meiri en á landinu öllu að meðaltali.


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Sjálfsálit		-0,2		0,1	0,2	-0,2	0,3	-0,3
Stjórn á eigin lífi		-0,1	-0,1			0,1		-0,3
Vellíðan	-0,1	-0,1		0,3	-0,2	-0,3	0,5	-0,2


\*Marktækur munur

## Einelti

Umfang eineltis hefur minnkað í Sunnulækjarskóla að mati foreldra frá fyrra ári og er minna en gerist á landinu að meðaltali.




Foreldrar í skólanum eru ánægðari en foreldrar á landsvísu með úrvinnslu skólans í eineltismálum en finnst vanta upp á hraða á úrvinnslu eineltismála og eineltisáætlun skólans.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Einelti virðist svipað í skólanum og á landsvísu að mati nemenda en hefur aðeins aukist milli ára.



Tíðni eineltis er meira í skólanum en á landsvísu að meðaltali og er munurinn marktækur.





## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

### Einelti og tíðni eineltis - samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2020 – 2021 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir að einelti meðal nemenda í 10. bekk er meira en á landinu að meðaltali.

Tíðni eineltis er minna í 7. bekk en að meðaltali á landinu og jafnt í 9. bekk og á landinu.

Tíðni eineltis er markvert meira í skólanun en að meðaltali á landinu og eins er það sama með 10. bekk.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítil.


	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Einelti	0,1	-0,1	0,2	0,2	0,1		0,4	0,4
Tíðni eineltis	-3,7*	-3,2	-4,2	-4,8	0,7	-5,1		-5,9*

\*Marktækur munur


## Heilsa nemenda

Tvær mælingar eru gerðar í Skólapúlsinum sem varða heilsu nemenda. Annars vegar er spurt um hreyfingu og hins vegar um mataræði.

Marktækur munur er hvað nemendur í Sunnulækjarskóla hreyfa sig meira en nemendur almennt á landinu.




Hollusta mataræðis er sú sama hjá nemendum Sunnulækjarskóla og nemendum almennt á landinu.



## Skóla- og bekkjarandi


Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er marktækt minni en ánægja foreldra í öðrum skólum á landin.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Samsömun nemenda við nemendahópinn er könnuð í Skólapúlsinum og er meðal annars spurt um hvort þeim líði eins og þeir..., eigi auðvelt með að eignast vini, tilheyri hópnum, hvort öðrum líki vel við þá og hvort allt sé í besta lagi.


Samsömun nemenda við nemendahópinn er svipuð hjá nemendum í Sunnulækjarskóla að meðaltali og hjá öðrum nemendum sem taka þátt í Skólapúlsinum.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Skólapúlsinn kannar viðhorf nemenda til sambands þeirra við kennara og spyr hvort nemendum; semji vel við flesta kennara, hvort kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel, hvort þeir hlusti vel á það sem þeir hafa að segja, veiti auka aðstoð ef þarf og séu sanngjarnir.

Viðhorf nemenda í Sunnulækjarskóla til sambands þeirra við kennara er svipað og jafnaldra þeirra á landinu að meðaltali.



### **Skóla- og bekkjarandi – samanburður milli kynja og árganga**


Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2020 – 2021 og jafnaldra þeirra á landsvísi sýnir að nemendur samsama sig svipað við nemendahópinn og samanburðarhópurinn. Nemendur 9. bekkjar sem samsamar sig betur en samanburðarhópurinn. Nemendur í Sunnulækjarskóla eiga ekki í eins góðu sambandi við kennara sína en almennt gerist, nema nemendur 7. og 9. bekkjar.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (1,0 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (1,0 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítill.


	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Samsömun við nemendahópinn		-0,1	0,1	0,1		-0,1	0,4	
Samband nemenda við kennara	-0,1		-0,1	-0,2	0,6	-0,6	0,3	-0,4

## Agi

Hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla sem telja aga í skólanum hæfilegan er minni en foreldra almennt á landinu og hefur lækkað mikið frá síðustu könnun.



Miðað við niðurstöður úr svörum nemenda í Skólapúlsinum er agi í tímum minni í Sunnulækjarskóla en í öðrum skólum að meðaltali og er munurinn marktækur.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

## Agi í tímum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2020 – 2021 og jafnaldra þeirra á landsvísu sýnir að nemendur eru óánægðari með aga í tímum en samanburðarhópurinn. Munurinn er marktækur. Aðeins nemendur í 7. bekk eru ánægðari með aga í tímum en samanburðarhópurinn.


Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er lítilill.

	Allir	Strákar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Agi í tímum	-0,3*	-0,5	-0,3	-0,2	0,2	-0,4	-0,2	-1,1

## Virk þátttaka nemenda í tímum

Í Skólapúlsinum er einnig mæld virk þátttaka nemenda í tímum en þá er spurt um hvort nemendur fái tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar, tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri, hvort haldnar séu kappræður eða skipulagðar umræður og hvort þeir ræði saman um námsefnið.

Virk þátttaka nemenda í Sunnulækjarskóla í tímum er marktækt minni en hjá samanburðarhópnum.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

## Virk þátttaka í tímum – samanburður milli kynja og árganga

Samanburður á svörum kynja og árganga í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2020 – 2021 og jafnaldrar þeirra á landsvísu sýnir að virk þátttaka í tímum er marktækt minni en hjá samanburðarhópunum.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og/eða marktækan mun. Rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira) og/eða marktækan mun. Ólitaður reitur táknar að munur á milli skóla og lands er líttill.

	Allir	Strakar	Stelpur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Virk þátttaka í tímum	-0,5*	-0,5	-0,4	-0,4		-0,6	-0,7	-0,6

## Líðan nemenda – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
<b>Líðan nemenda í skólanum</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>Úrvinnsla skólans í eineltismálum að mati foreldra</li> <li>Umfang eineltis að mati foreldra</li> </ul> <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sjálfsálit nemenda í 7. og 9. bekk</li> <li>Vellíðan nemenda í</li> <li>Einelti í 9. bekk</li> <li>Tíðni eineltis í 7. bekk</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra</li> <li>Sjálfsálit nemenda</li> <li>Trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi</li> <li>Vellíðan nemenda að eigin álit</li> <li>Einelti</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra*</li> <li>Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra*</li> <li>Eineltisáætlun skólans að mati foreldra</li> <li>Hraði á úrvinnslu eineltismála að mati foreldra</li> <li>Tíðni eineltis að mati nemenda*</li> </ul> <p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Einelti í 10. bekk*</li> <li>Tíðni eineltis í 10. bekk*</li> <li>Sjálfsálit í 8. og 10. bekk</li> <li>Vellíðan nemenda í 7., 8. og 10. bekk</li> </ul>
<b>Heilsa nemenda</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>Hreyfing nemenda*</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hollt mataræði nemenda</li> </ul>	
<b>Skóla- og bekkjarandi – agi – virk þátttaka í tímum</b>		
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samsömun við nemendahópinn</li> <li>Samband nemenda við kennara</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samskipti starfsfólks við nemendur að mati foreldra*</li> <li>Agi í skólanum að mati foreldra</li> <li>Agi í tímum að mati nemenda</li> <li>Virk þátttaka nemenda í tímum</li> </ul>



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

<p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samsömun við nemendahópinn í 9. bekk</li> <li>• Agi í tímum í 8. bekk*</li> <li>• Virk þátttaka nemenda í tímum í 8. bekk*</li> <li>• Samband nemenda við kennara í 7. og 9. bekk</li> </ul>		<p><u>Hópar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samsömun við nemendahópinn í 9. bekk</li> <li>• Agi í tímum í 6. 8., 9. og 10. bekk</li> <li>• Virk þátttaka nemenda í tímum í 8., 9. og 10. Bekk</li> <li>• Samband nemenda við kennara í 6. og 8. bekk</li> </ul>
--	--	---

\* Marktækur munur      #Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


## 4.4. Starfsánægja starfsmanna

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2017 – 2021.


### Aðgengi sérfræðipjónustu

Stuðningur við kennara skólans vegna nemenda með námserfiðleika og stuðningur vegna nemenda með hegðunarerfiðleika er aðeins meiri en almennt gerist á landinu. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara mælist marktækt minni en hjá samanburðarhópnum.




## Ábyrgð og áskoranir í starfi

Samkvæmt Skólapúlsinum finnst starfsfóki Sunnulækjarskóla vinnuálag marktækt meira en samanburðarhópnum.




Í könnun Skólapúlsins kemur fram að skýrleiki hlutverks starfsfólks Sunnulækjarskóla er marktækt minni en almennt gerist. Ágreiningur um hlutverk er marktækt meiri í skólanum en hjá samanburðarhópnum. Jákvæðar áskoranir í starfi eru jafnar og samanburðarhópnum.




## Samvinna og teymisvinna

Í könnun Skólapúlsins er spurt hvar kennarar undirbúi kennsluna. Um 83% kennara skólans undirbúa kennsluna eingöngu eða aðallega í skólanum en 69% kennara í öðrum skólum.




Þá eru kennarar spurðir um ýmislegt sem varðar samráð um kennsluna eins og samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Samkvæmt niðurstöðum úr þessum spurningum hafa kennarar skólans marktækt meiri samráð um kennsluna en kennarar annarra skóla að meðaltali.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Að síðustu eru kennarar spurðir um þætti sem snerta samvinnu um kennslu eins og tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara. Í þeim þáttum koma kennarar skólans aðeins verr út en kennarar á landinu öllu.




### Starfsaðstæður

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2021 er spurt um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi. Niðurstöður þeirra spurninga sýna að starfsmenn skólans eru marktækt óánægðari með þessa þætti en starfsmann í öðrum skólum að meðaltali.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Árin 2017 og 2019 eru kennarar spurðir um vinnuaðstæður sínar og aðgengi að búnaði og kennsluefni. Veturinn 2020 – 2021 eru kennarar spurðir um ánægju með húsnæði og aðstöðu á vinnustaðnum. Kennarar í Sunnulækjarskóla eru óánægðari með vinnuaðstæður sínar en kennarar í öðrum skólum að meðaltali og er munurinn marktækur.




Styrk- og veikleikagreining starfsmanna skólans vorið 2017 sýnir einnig að starfsfólk er óánægt með vinnuaðstæður sínar, m.a. ýmislegt varðandi tæknimál.


Í áætlun um umbætur í Sunnulækjarskóla er áherslu lögð á að auka tækjakost og hefur þegar verið brugðist við með kaupum á 40 fartölvum og 5 skjávörpum.

## Starfsbróun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins eru kennarar beðnir um að meta færni sína, árangur í starfi og samskipti sín við aðra kennara. Trú kennara skólans á eigin getu er samkvæmt niðurstöðum þessara spurninga meiri en trú kennara annars staðar á landinu.




Í starfsmannakönnuninni eru kennarar spurðir um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ýmsum sviðum, eins og á aðalnámskrá, námsmati, skipulagningu kennslustunda, nýjungum í kennslufræði, upplýsinga- og samskiptatækni, nemendum með sérþarfir, hegðunar- og agamálum, fjölmenningsumhverfi, ráðgjöf til nemenda og foreldrasamstarfi. Kennarar skólans telja þörf sína fyrir símenntun vera svipaða og almennt gerist á landinu.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Niðurstöður sýna að kennarar skólans eru marktækt jákvæðari gagnvart því að taka þátt í meiri símenntun undanfarna 12 mánuði en kennarar annars staðar á landinu.




Fjöldi daga í símenntun kennara eru marktækt færri en hjá öðrum kennurum á landinu í heild.




## Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar

Ánægja með vinnuaðstöðu er marktækt minni en almennt gerist á landinu.



Starfsandinn innan skólans; hvetjandi og styðjandi, tortryggni og vantraust, afslappaður og þægilegur, er marktækt minni en almennt gerist á landinu.


Myndin sýnir starfsanda innan skólans sem er marktækt slakari en meðaltal landsins. Einnig sést munur kennarahópsins í samanburði við landið og annars starfsfólks borið saman við landið.





# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021


Ánægja með kennarastarfið er marktækt minna meðal kennara Sunnulækjarskóla en meðal kennara í öðrum skólum samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunarinnar.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Í starfsmannakönnuninni eru starfsmenn spurðir um; stuðning frá samstarfsfólki bæði hvað varðar verkefni og vandamál sem koma upp í vinnunni. Stuðning við nýsköpun; þ.e. hvort starfsmenn sýni frumkvæði, hvort þeir eru hvattir til að koma með tillögur til úrbóta á vinnustaðnum og hvort samskipti séu í góðu lagi á vinnusvæðinu. Mismunun á framkomu gagnvart körlum og konum annars vegar og framkomu gagnvart eldri og yngri starfsmönnum á vinnustaðnum.


Í könnuninni er stuðningur frá samstarfsfólki og mismunun svipað og gerist á landinu í heild. Stuðningur við nýsköpun er marktækt minni í Sunnulækjarskóla en hjá samanburðarhópnum.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021


Leikni í starfi; ánægja með gæði og afköst vinnunnar og að leysa vandamál í starfinu. Skuldbinding til vinnustaðarins; tala jákvætt um vinnustaðinn, gildi mín samræmast gildum vinnustaðarins og vinnustaðurinn veitir hvatningu til að standa mig sem best í starfi. Skörun vinnu og einkalífs.

Samkvæmt könnuninni er leikni í starfi svipuð því sem gerist á landinu að meðaltali. Aftur á móti er skuldbinding til vinnustaðarins Sunnulækjarskóla marktækt minni en hjá samanburðarhópnum. Skörun vinnu og einkalífs er marktækt meiri í Sunnulækjarskóla en almennt gerist á landinu.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Í starfsmannakönnuninni er spurt hvort starfsfólk hafi séð aðra verða fyrir einelti. Þar kemur fram að einelti er marktækt meira í skólanum en á landinu að meðaltali.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Starfsánægja starfsmanna – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
<b>Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiaðstoð</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika</li> <li>• Stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarerfiðleika</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara*</li> </ul>
<b>Ábyrgð og áskoranir í starfi</b>		
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Valddreifing við ákvarðanatöku</li> <li>• Virk samvinna um skólaþróun og umbætur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnuálag*</li> <li>• Skýrleiki hlutverks*</li> <li>• Ágreiningur um hlutverk*</li> <li>• Skuldbinding til vinnustaðarins*</li> </ul>
<b>Samvinna og teymisvinna</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Undirbúningur kennslu í skólanum*</li> <li>• Samráð kennara um kennsluna (<i>val á kennslugögnum, samnýting kennslu-efnis, teymisfundir, matsaðferðir og námsframvinda nemenda</i>)*</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samvinna kennara um kennsluna (<i>tenging námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra</i>)</li> </ul>
<b>Starfsaðstæður</b>		
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsumhverfi í skólanum, (<i>aðstaða, sveigjanleiki og álag í starfi</i>)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnuaðstæður kennara; ánægja með húsnæði og vinnuaðstöðu</li> <li>• Skörun vinnu og einkalífs*</li> </ul>
<b>Starfsþróun</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Trú kennara á eigin getu</li> <li>• Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 12 mánuði*</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Símenntunarþörf kennara</li> <li>• Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár*</li> <li>• Stuðningur við nýsköpun*</li> </ul>
<b>Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar</b>		
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsánægja, (<i>tilgangur starfs, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og framtíð í starfi</i>)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsandi, (<i>hvetjandi og styðjandi, tortryggni og vantraust, afslappaður og þægilegur</i>)*</li> <li>• Ánægja kennara með kennarastarfið*</li> </ul>

\* Marktækur munur

#Styrk- og veikleikagreining starfsmanna


## 4.5. Samvinna heimila og skóla

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2016 - 2020.
- Viðhorfakannanir meðal kennara – Skólapúlsinn, vor 2018 – 2021.


### Upplýsingagjöf

Samkvæmt foreldrakönnun Skólapúlsins eru foreldrar í skólanum ánægðari með heimasíðu skólans en foreldrar á landsvísu.




## Samvinna og samskipti við starfsmenn

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins er frumkvæði kennara skólans að foreldrasamstarfi örlítið minna en í öðrum skólum að meðaltali.




Ánægja foreldra með foreldraviðtölin er svipuð í Sunnulækjarskóla og á landinu í heild.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunar er upplýsingamiðlun til foreldra barna í Sunnulækjarskóla marktækt meiri en í öðrum skólum að meðaltali. Það er upplýsingar um námsárangur og hegðun og/eða líðan nemandans.



## Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið


Áhrif foreldra á ákvarðanir sem varða nemendur eru marktækt minni í Sunnulækjarskóla en almennt gerist.






## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Í foreldrakönnuninni kemur fram að þeir foreldrar í skólanum sem hafa einu sinni eða oftar tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu, t.d. við að setja markmið um heimanám eða námsrángur eru svipað og í öðrum skólum að meðaltali. Hins vegar virðist foreldrum barna í skólanum mikilvægi þátttöku í gerð námsáætlana mikilvægari en foreldrum þykir almennt.




## Heimastuðningur

Sá tími sem foreldrar nemenda í skólanum verja til að aðstoða þá við heimanám er minni en í skólum á landinu að meðaltali.




Mæling á virgni foreldra í námi barna sinna sýnir að virkni foreldra barna í skólanum er svipuð og foreldra almennt að meðaltali.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Væntingar foreldra um háskólanám barns síns eru minni en væntingar foreldra annars staðar á landinu.




Væntingar foreldra um iðnám barns síns eru meiri en væntingar foreldra annars staðar á landinu.




## Þjónusta við nemendur og foreldra

Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu / frístundaheimili er marktækt minni en almennt gerist á landinu.




Hlutfall foreldra sem nýta sér tómstundaþjónustuna í Sunnulækjarskóla er marktækt minna en á landinu að meðaltali.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Notkun á mötuneyti í Sunnulækjarskóla er marktækt minni en almennt gerist á landinu að meðaltali.

Ánægja foreldra með máltíðirnar eru marktækt minni en almennt gerist á landinu að meðaltali.



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

## Samvinna heimila og skóla – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
<b>Upplýsingagjöf</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ánægja foreldra með heimasíðu skólans</li> <li>• Upplýsingamiðlun til foreldra*</li> </ul>		
<b>Samvinna og samskipti við starfsmenn</b>		
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi að mati foreldra</li> <li>• Ánægja foreldra með foreldraviðtöl</li> </ul>	
<b>Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana*</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur*</li> <li>•</li> <li>•</li> </ul>
<b>Heimastuðningur</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Væntingar foreldra um iðnnám barns síns</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Virkni foreldra í námi barna sinna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám</li> <li>• Væntingar foreldra um háskólanám barns síns</li> </ul>
<b>Þjónusta</b>		
		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu / frístundaheimili*</li> <li>• Hlutfall nemenda í tómstunda/frístundaheimili*</li> <li>• Notkun á mötuneyti *</li> <li>• Ánægja með máltíðir í mötuneyti *</li> </ul>

\* Marktækur munur

#### 4.6. Listi yfir helstu niðurstöður

##### Mesti munur úr viðhorfakönnunum Skólapúlsins

(marktækur munur er merktur með \*)- [Ath. foreldrakönnunin er frá árinu 2020](#)

Jákvæður munur				
Könnun	Þættir	Skóli	Land	Mis- munur
Starfsmenn	Undirbúningur kennslu í skólanum	8,3	6,9	1,4*
Starfsmenn	Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 12 mánuði	6,3	5,1	1,2*
Starfsmenn	Samráð um kennslu	6,3	5,4	0,9*
Starfsmenn	Upplýsingamiðlun til foreldra	5,7	5,1	0,6*
Starfsmenn	Skuldbinding til vinnustaðarins	4,6	5,2	- 0,6*
Nemendur	Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar	4,9	4,4	0,5*
Foreldrar	Ánægja með úrvinnslu skólans í eineltismálum	6,4	6	0,4
Foreldrar	Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	9,2	8,8	0,4
Foreldrar	Væntingar foreldra um iðnám barns síns	1,9	1,5	0,4
Starfsmenn	Trú kennara á eigin getu	5,2	5,0	0,2
Foreldrar	Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	8,7	8,5	0,2
Foreldrar	Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	8,4	8,2	0,2
Foreldrar	Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	6,9	8,9	-2

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Neikvæður munur				
Könnun	Þættir	Skóli	Land	Mis- munur
Starfsmenn	Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	3,6	5,3	- 1,7*
Starfsmenn	Rætkun mannaúðs	3,7	5,3	-1,6*
Foreldrar	Ánægja með máltíðir í mötuneyti	6,1	7,6	-1,5*
Starfsmenn	Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	3,1	4,4	-1,3*
Starfsmenn	Ánægja með vinnuaðstöðu	3,9	5,0	- 1,1*
Foreldrar	Ánægja með hraða úrvinnslu skólans í eineltismálum	4,5	5,5	-1,0*
Starfsmenn	Vinnuálag	5,4	4,5	0,9*
Starfsmenn	Ágreiningur um hlutverk	6,6	4,8	0,8*
Starfsmenn	Stuðningur við nýsköpun	4,4	5,2	-0,8*
Foreldrar	Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemenda	4,7	5,4	-0,7*
Foreldrar	Hutfall nemenda í tómskundabjónustu/frístundaheimili	5,6	6,3	-0,7*
Foreldrar	Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,8	5,5	-0,7*
Starfsmenn	Skörun vinnu og einkalífs	5,5	4,8	0,7*
Starfsmenn	Skýrleiki hlutverks	4,3	4,9	-0,6*
Starfsmenn	Ánægja með kennarastarfið	4,9	5,5	-0,6*
Starfsmenn	Starfsandi	4,8	5,4	-0,6*
Starfsmenn	Einelti (annar en þú)	1,6	1,0	0,6*
Foreldrar	Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	5,0	5,6	-0,6
Foreldrar	Ánægja foreldra með tómskundabjónustu	4,4	5,0	-0,6*
Foreldrar	Væntingar foreldra um háskólanám barns síns	6,7	7,3	-0,6
Foreldrar	Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	5,6	6,2	-0,6
Foreldrar	Notkun á mötuneyti	8,5	9,1	-0,6
Foreldrar	Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,5	5,0	-0,5*
Nemendur	Virk þátttaka nemenda í tímum	4,5	5,0	-0,5*
Foreldrar	Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	5,5	6,0	-0,5*
Foreldrar	Ánægja með eineltisáætlun skólans	7,7	8,2	-0,5
Starfsmenn	Stuðningur frá næsta yfirmanni	4,9	5,3	-0,4*
Starfsmenn	Valdeflandi forysta	4,7	5,1	-0,4*
Nemendur	Tíðni eineltis	1,7	1,4	0,3*
Nemendur	Agi í tímum	4,6	4,9	-0,3*
Nemendur	Þrautseigja í námi	4,3	4,6	-0,3*
Foreldrar	Hæfilegur agi í skólanum	7,0	7,3	-0,3
Nemendur	Ánægja af lestri	4,3	4,5	-0,2*
Nemendur	Trú á eigin námsgetu	4,3	4,5	-0,2*
Starfsmenn	Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku í mínútum	31	41	-10*



## *Forgangsverkefni fyrir skólaárið 2021 – 2022*

Vorið 2020 var samin umbótaáætlun með hliðsjón af úttektinni skólaárið 2019-2020 sem marka skyldi umbóatvinnu skólaársins 2020 – 2021. Vegna heimsfaraldurs Covid-19 tókst ekki að hrinda öllum þeim áformum í framkvæmd og því er sú umbótaáætlun einnig lögð til grundvallar umbótavinnu skólaársins 2021 – 2022. Umbaáætlunin fylgir þessari skýrslu í fylgiriti.

## 5. Umræða

Í sjálfsmati Sunnulækjarskóla var lagt upp með fimm grundvallarspurningar um skólstarfið. Hér verður reynt að svara þessum spurningum út frá þeim gögnum sem liggja fyrir og koma fram hér að framan.

### 1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?

Ánægja með stjórnun skólans meðal foreldra hefur farið minnkandi milli ára og er orðin minni en gerist á landinu í heild. Starfsmenn eru ekki eins ánægðir stjórnun skólans og áður. Starfsmenn óska þó eftir auknu upplýsingaflæði, meiri þátttöku stjórnenda í daglegum störfum nemenda og starfsmanna og bættu skipulagi á ýmsum þáttum skólstarfsins.

### 2. Eru kennsluáðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?

Í Sunnulækjarskóla hefur hefðbundin kennsla aukist þar sem öllum bekknum er kennt það sama á sama tíma. Samt er það töluvert minna en gerist á landinu öllu. Einstaklingsmiðuð kennsla og fjölbreyttir kennsluhættir eru áberandi einkenni á skólanum. Viðhorf foreldra til náms og kennslu í skólanum er jákvætt. Þeir telja að námsefnið sé hæfilega þungt en að skólinn mæti þörfum nemendanna er aðeins lægra en meðaltal landsins.

Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu eru marktækt minni en almennt gerist hvað varðar ánægju af lestri og trú nemenda á eigin námsgetu en almennt gerist. Þrautseigja nemenda í námi hefur staðið í stað milli ára og er marktækt lægri en gerist á landinu.

Heimavinna nemenda er of lítil að mati foreldra. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku er marktækt minni í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu.

Ánægja foreldra með aðstöðu og námsumhverfi nemenda er marktækt minni en almennt gerist á landinu. Starfsmenn eru marktækt óánægðari með vinnuaðstöðu sína en starfsmenn í öðrum skólum.

Námsárangur í samræmdum prófum skólaárið 2020 - 2021 var aðeins lægri en á landinu öllu í 7. bekk bæði í íslensku og stærðfræði. Munurinn er þó meiri í stærðfræði. Árangurinn er svipaður í Sunnulækjarskóla og Sveitarfélaginu Árborg. Árangurinn í 4. bekk var lægri en á landinu öllu og einnig aðeins lægri en í Sveitarfélaginu Árborg. Vegna tæknilegra erfiðleika við fyrilögn samræmdra prófa í 9. bekk voru niðurstöður þeirra ekki kynntar.

### 3. Líður nemendum vel í skólanum?

Að mati foreldra, er líðan nemenda í skólanum og í kennslustundum fyrir neðan meðaltal landsins og hefur það farið niður á við frá síðustu könnun. Aftur á móti er líðan nemenda í frímínútum svipuð því sem gerist á landinu. Sjálfsálit nemends, vellíðan og trú þeirra á að þeir hafi stjórn á eigin lífi mælist mjög svipuð í skólanum og almennt gerist á landinu. Sjálfsálit nemenda í 8. og 10. bekk er þó aðeins lægra en hjá samanburðarhópnum.

Umfang eineltis hefur minnkað milli ára að mati foreldra. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans og úrvinnslu í eineltismálum er meiri en gerist á landinu. Ánægja með hraða á úrvinnslu eineltismála og eineltisáætlun skólans er lægri en að meðaltali á landinu. Að mati nemenda hefur einelti aðeins aukist frá fyrri könnun en er aðeins lægri en hjá samanburðarhópnum. Tíðni eineltis að mati nemenda hefur hækkað milli ára og er marktækt meira en gerist á landinu.

Mataræði nemenda í skólanum er svipuð og almennt gerist á landinu. Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftari er markvert meira en hjá samanburðarhópnum.

Skóla- og bekkjarandi er yfirleitt góður. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er marktækt minni en almennt gerist í skólum á landinu. Samband nemenda við kennara og samsömun við nemendahópinn er svipaður og landsmeðaltal að mati nemenda. Agi og virk þátttaka nemenda í tímum mælast marktækt minni en annars staðar á landinu.

### **Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?**

Stuðningur við kennara vegna náms- og hegðunarerfiðleika nemenda er aðeins meiri en gerist í öðrum skólum en faglegur stuðningur skólustjóra við kennara er marktækt minni.

Valldreifing og virk samvinna um skólaþróun og umbætur er í jafnvægi miðað við aðra skóla.

Samráð, samvinna og teymisvinna er sterkur þáttur í skólastarfinu og eru starfsmenn markvert ánægðari með samráð um kennslu en samanburðarhópurinn. Samvinna um kennslu í skólanum er svipuð og gerist í öðrum skólum.

Starfsmenn skólans eru marktækt óánægðir með vinnuáðstöðu sína en sú óánægja hefur verið viðvarandi undanfarin ár.

Kennarar hafa trú á eigin getu en óska jafnframt eftir meira mati og endurgjöf frá stjórnendum.

Starfsánægja og góður starfsandi á vinnustað hafa verið meðal sterkustu þáttanna í starfsemi skólans á undanförunum árum og eru enn.

### **4. Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?**

Almennt eru foreldrar mjög ánægðir með samstarfið við skólann og þá þjónustu sem hann veitir börnum þeirra.

Upplýsingamiðlun til foreldra er góð og ánægja þeirra með heimasíðu skólans hefur aukist til muna.

Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur hefur minnkað mikið milli kannana og er marktækt minni en almennt gerist. Viðhorf foreldra til mikilvægis þátttöku þeirra í gerð námsáætlana er meiri en á landinu en þátttaka þeirra í gerð námsáætlana er minni en á landinu að meðaltali.

Sá tími sem foreldrar verja við að aðstoða börn sín við heimanám minni en almennt gerist á landinu. Virkni foreldra í námi barna sinna er svipað því sem gerist á landinu í heild. Væntingar foreldra til háskólanáms barns síns er minna en gerist á landinu en væntingar þeirra til iðnnáms barns síns er meira en á landinu að meðaltali.

Fjöldi foreldra sem kaupa mat í mótuneyti skólans og ánægja þeirra með máltíðirnar er marktækt minni í skólanum en annars staðar á landinu að meðaltali. Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu eða frístundaheimili er marktækt minni en gerist á landinu og hlutfall barna sem nota þjónustuna.

### 6. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið farið nokkuð ítarlega í niðurstöður allra kannana sem gerðar voru meðal nemenda, foreldra og starfsmanna á skólaárinu ásamt samanburði við niðurstöður fyrri ára.

Samkvæmt niðurstöðum sjálfsmats Sunnulækjarskóla má í örstuttu máli segja að meðal sterkustu stöða Sunnulækjarskóla séu samráð og teymisvinna kennara, fjölbreyttir kennsluhættir, góður starfsandi, jákvætt viðhorf foreldra, jákvæðir og sveigjanlegir stjórnendur.

Helstu veikleikar skólans samkvæmt þessari skýrslu eru hins vegar slakur námsárangur í samræmdum prófum, virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu, lítil heimastuðningur og þættir sem lúta að stjórnun skólans, m.a. upplýsingastreymi, mat og endurgjöf til starfsmanna og vinnuaðstæður kennara. Með þessa þætti er nauðsynlegt að vinna á komandi skólaárum.

Sunnulækjarskóli hefur stækkað mjög hratt á rúmum áratug. Ótal ný verkefni hafa beðið úrlausnar á hverju ári og má því segja að skólinn hafi verið eitt stórt þróunarverkefni. Skólabragurinn hefur einkennst frá upphafi af miklum faglegum metnaði, jákvæðu viðhorfi til nemenda og mikilli samvinnu og teymisvinnu. Þessar þrjár mikilvægu stöðir sem einkenna skólamenningu Sunnulækjarskóla tryggja að jákvæð og uppbyggileg þróun á skólastarfinu mun halda áfram til hagsbóta fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans.

## Fylgirit - Umbótaáætlun 2020 – 2021

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu <sup>1</sup>	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta<sup>2</sup></b>					
Sjá til þess að upplýsingar á heimasíðu séu ávallt uppfærðar, réttar og þar sé hægt að finna grundvallarupplýsingar um skólastarfið.	Til stendur að uppfæra heimasíðu skólans með nýju útliti og um leið verður gert átak í að skilgreina það sem þar skal vera	Haut 2020	Ársbyrjun 2021	Skólastjóri	Á matsfundi starfsmanna að vori
Stjórnendur fylgja reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf	Deildartjórar munu með reglubundnum hætti meta og skrá a.m.k tvær kennslustundir hvers kennara í sinni deild á önn.	Haut 2020	Varanlegt verklag	Deildarstjórar stiga	Árlega í matsskýrslu
Stjórnendur fylgja með að stefna skólans endurspeglis í kennsluháttum	Skólastjóri og aðstoðar-skólastjóri greini matsblöð deildarstjóra og geri samantekt á þeim m.t.t. kennsluhátta	Tvisvar á skólaári	Varanlegt verklag	Skólastjóri	Árlega í matsskýrslu
Huga þarf að markvissu samstarfi við hagsmunaaðila og sjá til þess að þeir hafi aðkomu að stefnumótun skólans.	Skólaráð mun setja sér starfreglur þar sem fram kemur að halda skuli a.m.k. einn opinn samráðsfund með aðilum skólasamfélagsins á hverju skólaári.	Haut 2020	Varanlegt verklag	Skólastjóri	Árlega í matsskýrslu

<sup>1</sup> Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

<sup>2</sup> Bætið við línunum eftir þörfum.

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Efla þarf skráningu á framgangi þróunarverkefna sem og annarra verkefna og skilgreina ábyrgðaraðila svo hægt sé að meta framgang verkefna og stöðu.	Ábyrgð á skráningu á framgangi verkefna verður falin tilteknum stjórnanda	Haut 2020	Varanlegt verklag	Skólastjóri	Árlega í matsskýrslu
Upplýsa skólasamfélagið um framgang verkefna og niðurstaðna úr könnunum og prófum	Niðurstöður slíkra verkefna verða kynntar foreldrum í tölvupósti á skólaráðsfundum og öðrum funum eftir atvikum. Starfsfólk skólans fær slíkar kynningar á starfsmanna og eða kennarafundum	Haut 2020	Varanlegt verklag	Skólastjóri	Árlega í matsskýrslu
Vinna þarf símenntunaráætlun þar sem þess er gætt að skráð sé og gert ráð fyrir þeirri starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast	Heildstæð símenntunaráætlun verður unnin að hausti 2020 og kynnt á starfmannafundi	Haut 2020	Uppfærast árlega að vori	Skólastjóri	Á matsfundi starfsmanna að vori
Huga þarf að aðferðum til að bæta upplýsingaflæði til starfsmanna					
Skerpa þarf á vinnu með Uppeldi til ábyrgðar	Námskeið verður haldið í þeim tilgagni	Haut 2020	Á skólaárinu	Skólastjóri	Á matsfundi starfsmanna að vori
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b><u>Svið II – Nám og kennsla</u></b>					
Tryggja þarf að nemendur fái lögbundinn tíma í list- og verkgreinum.	Aukið verður við list- og verkgreinakennslu á elsta stigi og hlutverk umsjónarkennara á yngsta og miðstigi skilgreint frekar.	Haut 2020	Haut 2020	Skólastjórnendur	Árlega í matsskýrslu

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Huga þarf að fjölbreyttari kennsluháttum og nýta teymiskennsluna til fjölbreyttari námsaðstæðna.	Blása lífi í heildstæðu íslenskukennsluna og fá teymin til að kynna sitt starf fyrir öðrum. Setjum okkur markmið í kennslunni að efla fjölbreytta kennsluhætti, öll teymi kynna á einhverjum tímapunkti fyrir öðrum fjölbreytta kennsluhætti. Deildarstjórar hjálpa teyllum við að koma auga á leiðir til að efla fjölbreytileika.			Skólastjórnendur	
Bæta þarf námsárangur í stærðfræði, efla áhuga nemenda á greininni, skrá markmið, leiðir og viðmið um árangur.	Stærðfræðin verður tekin með námskeiði. Þar sem fjölbreyttir kennsluhættir verða hafðir að leiðarljósi.				
Setja þarf markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlanir og tengsl markmiða kennslunnar við aðalnámskrá.	Halda áfram að vinna út frá hæfniviðmiðum. Þegar eru margir að vinna með þeim hætti en tryggja þarf að allir nái þessu verklagi fyrir áramót og að það sé skráð í kennsluáætlanir	Haut 2020	Ármót 20/21	Deildarstjórar stiga	
Skrá þarf í námsvísa og áætlanir hvernig grunnþáttum menntunar er gerð skil og hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.	Farð verðu yfir allar námsáætlanir á haustönn og tryggt að slíkt sé skráð	Haut 2020	Ármót 20/21	Deildarstjórar stiga	
Skrá þarf í námsvísa og áætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein fyrir sig og vinna áætlun um sérstakan stuðning.	Farð verðu yfir allar námsáætlanir á haustönn og tryggt að slíkt sé skráð	Haut 2020	Ármót 20/21	Deildarstjórar stiga	
Gera þarf grein fyrir viðmiðum námsmats sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni sem	Farð verðu yfir allar námsáætlanir á haustönn og tryggt að slíkt sé skráð	Haut 2020	Ármót 20/21	Deildarstjórar stiga	

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

og matskvörðum í skólanámskrá.					
Gera þarf nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og framvindu kennslustundarinnar	Brýnt verður fyrir kennurum á kennarafundi að hausti að matsmenn hafi bent á þennan þátt	Í upphafi skólaárs	Þegar verklagið hefur fests í sessi	Skólastjórendur	Í samantekt skólastjóra á mati deildarstjóra á kennslustundum kennara.
Þjálfa þarf nemendur í að setja sér námsmarkmið og nota það til að efla ábyrgð nemenda á eigin námi.	Brýnt verður fyrir kennurum á kennarafundi að hausti að matsmenn hafi bent á þennan þátt	Í upphafi skólaárs	Þegar verklagið hefur fests í sessi	Skólastjórendur	Í samantekt skólastjóra á mati deildarstjóra á kennslustundum kennara.
Tryggja þarf að nemendur fái við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.	Deildarstjórar munu skrá þennan þátt við mat á kennslustundum.	Haust 2020	Varanlegt verklag	Skólastjórendur	Í samantekt skólastjóra á mati deildarstjóra á kennslustundum kennara.
Nýta betur umræður og skoðanaskipti sem markvissan hluta af kennslunni og nota samvinnu nemenda sem hluta af námi og kennslu.	Deildarstjórar munu skrá þennan þátt við mat á kennslustundum.	Haust 2020	Varanlegt verklag	Skólastjórendur	Í samantekt skólastjóra á mati deildarstjóra á kennslustundum kennara.
Þjálfa nemendur í að nýta upplýsinga- og samskiptatækni í náminu.	Lögð verður áhersla á að styðja við þá þróun með aðkomu verkefnisstjóra upplýsingatækni og endurnýjun búnaðar	Haust 2020	Haust 2021	Skólastjórendur	Á matsfundi starfmannanna að vori.
Skrá verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað svo að nemendur viti hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og námsumhverfi.	Í starfsáætlun verður skráð verklag um að í hverjum árgangi skuli haldinn ígrundunarfundur a.m.k. árlega þar sem nemendur vinna aldursviðeigandi SVÓT-greiningu á skólanum og eigin námi.	Haust 2020	Varanlegt verklag	Deildarstjórar stiga	Á matsfundi starfmannanna að vori.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

---

Gera þarf ráð fyrir ferðatíma í stundatöflu í tengslum við sund og íþróttir	Sérstakt átak í stundvísi og mæling á nýtingu tímans mun fara fram á skólaárinu.	Haust 2020	Vor 2020	Skólastjórendur	Á matsfundi starfmannanna að vori.
---	--	------------	----------	-----------------	------------------------------------

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Svið III – Innra mat</b>					
Vinna heildstæða matsáætlun til lengri tíma þar sem matsþættir eru settir fram og tilgreint er hvenær og hvernig þeir verða metnir.	Matsteymi með þátttöku stjórnanda, kennara, annarra starfsmanna og foreldra mun endurskoða þennan þátt á grunni fyrirbyggjandi áætlunar	Haustönn 2020	Vor 2021	Skólastjóri	Á matsfundi starfsmanna að vori
Vinna matsáætlun fyrir skólaárið þar sem fram kemur hvaða þætti á að meta og hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hver eru viðmið um árangur, hvernig meta eigi, hvenær og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni.	Matsteymi með þátttöku stjórnanda, kennara, annarra starfsmanna og foreldra mun endurskoða þennan þátt á grunni fyrirbyggjandi áætlunar	Haust 2020	Haust 2020	Matsteymi	Á matsfundi starfsmanna að vori
Gera tímasetta umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með þá þætti sem ekki stóðust sett viðmið í innra mati. Í áætluninni þarf að setja fram markmið, umbótaaðgerðir, tímasetningar, ábyrgðaraðila og hvernig mat verður lagt á umbætur.	Matsteymi skólans mun vinna slíka áætlun á grunni matsskýrslu innra mats hvers árs	Vor 2021	Varanlegt verklag	Matsteymi	Á matsfundi starfsmanna að vori
Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnanda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki	Skipa matsteymi Sunnulækjarskóla	Haust 2020	Varanlegt verklag	Skólastjóri	Á matsfundi starfsmanna að vori

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.					
Gæta þarf þess við öflun gagna að leita eftir sjónarmiðum viðeigandi hagsmunaaðila.	Rafrænar skoðanakannanir beinast að nemendum, foreldrum og starfsmönnum	Haust 2020	Varanlegt verklag	Skólastjóri	Í innra mati hvers skólaárs á hverju ári
Nýta markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur og upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur.	Árleg umbótaáætlun matsteymis mun taka mið af þessum þáttum. Slík umbótaáætlun verður birt á heimasíðu og kynnt foreldrum í tölvupósti og í skólaráði.	Haust 2021	Varanlegt verklag	Skólastjóri	Í innra mati hvers skólaárs á hverju ári

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2020 - 2021

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b><u>Svið IV – Teymiskennsla og teymisvinna</u></b>					
Setja þarf fram áætlun um ávinning og framgang teymiskennslu og teymisvinnu með hagsmuni nemandans í fyrirrúmi.	Markmið teymiskennslu verða gerð sýnileg í starfsáætlun skólans	Haust 2020	Haust 2020	Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri	Á matsfundi starfmannanna að vori
Tryggja enn frekar tengsl stjórnenda og teyma, s.s. með heimsóknnum í kennslustundir og þátttöku á teymisfundum.	Deildarstjórar stiga munu sitja a.m.k. eina kennslustund hjá hverjum kennara á sínu stig á hverri önn og meti kennslustundina formlega samkvæmt matsblaði	Haust 2020	Varanlegt verklag	Deildarstjórar stiga	Í samantekt skólastjóranda á mati deildarstjóra á kennslustundum kennara.
Stjórnendur séu vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.	Skráð verklag verður sett fram í starfsmannahandbók	Haust 2020	Haust 2020	Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri	Á matsfundi starfmannanna að vori
Nýta mannauð til að skapa fjölbreyttari námsaðstæður fyrir nemendur.	Í árlegum starfmannaviðtölum er farið yfir hæfileika og hugmyndir starfmannanna og sú vitneskja nýtt til verkaskiptingar næsta skólaárs	Vorönn 2020	Varanlegt verklag	Skólastjórendur	Í árlegum starfmannaviðtölum
Skrá þarf í áætlanir hvernig einstaklingsmiða á nám nemenda.	Slíkar áætlanir eru þegar til og verða festar í sessi með framsetningu í starfsmannahandbók.	Haust 2020	Haust 2020	Deildastjóri stoðþjónustu	Á matsfundi starfmannanna að vori
Huga þarf að því að allir nemendur fái verkefni við hæfi.	Deildarstjórar munu skrá þennan þátt við mat á kennslustundum.	Haust 2020	Varanlegt verklag	Deildarstjórar stiga	Í samantekt skólastjóranda á mati deildarstjóra á kennslustundum kennara.